




VESTURVERK VERKEFNAÞRÓUN – HVALÁVIRKJUN
FUNDUR Á ÍSAFIRÐI 6. APRÍL 2022/ÁBL

VesturVerk – Nokkrar staðreyndir og staða

VesturVerk ehf (VV) er í eigu HS Orku hf (80%) og Glámu fjárfestingar slhf (20%).



- VV hefur varið um 700 mkr í þróun verkefna
- Megin áhersla hefur verið lögð á á þróun Hvalárvirkjunar.

Önnur rannsóknarverkefni:


- Skúfnavatnavirkjun (13,5 MW_e)
- Hvanneyrardalsvirkjun (16 MW_e)
- Hest- og skötufjarðarvirkjanir (17 MW_e)
- Nónborgir (vindorkuver, 100 MW_e)

Staða (Hvalárvirkjun):

- Árvissar rannsóknir á vatnasviðum
- Samkomulag um nýtingu við landeigendur
- Nýtingarflokkur rammaáætlunar (#2)
- Frumhönnun liggur fyrir
- Mat á umhverfisáhrifum lokið
- Virkjun skilgreind í aðalskipulagi – breyting á skipulagi hafin (skipulagslýsing)
- Tengipunktur Landsnets skilgreindur við innanvert Ísafjarðardjúp
- Valkostagreining fyrir tengilögn í undirbúningi hjá Landsneti
- Umhverfismat og skipulagsmál tengingar ólokið – hvort tveggja meðal næstu viðfangsefna Landsnets

Tilmæli/tillaga Skipulagsstofnunar:

- Skipulags- og leyfisveitingar beggja framkvæmda verði afgreiddar samhliða



Mynd 1: Staðsetningar á rannsóknarverkefnum VesturVerks

Skipulagsmálin framundan, virkjun og tengilögn

Virkjun:

- Skipulagsgerð, breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag, unnið samhliða skipulagsvinnu fyrir tengingu – umsagnir um skipulagslýsingu í febrúar 2020. Í vinnslu.
- Afla virkjunarleyfis- og framkvæmdaleyfis
- Fjármögnun og fullnaðarhönnun

Landsnet – tengilögn frá Hvalárvirkjun að nýjum tengipunkti og áfram í Kollafjörð:

- Samningar við landeigendur
- Valkostagreining á lagnaleiðum, mat á umhverfisáhrifum (MÁU)
- Aðal- og deiliskipulag fyrir mannvirkjagerð tengilagnar
- Afla framkvæmdaleyfis í samræmi við tímaáætlanir
- Fullnaðarhönnun

- Tengigjald VV til Landsnets er áætlað um **2.900 mkr.**
- Landsnet krefst **fyrirframgreiðslu upp á 140 mkr** sem ganga á upp í tengigjald þegar tengisamningur verður gerður.




Mynd 2: Fyrirhuguð staðsetning á nýjum tengipunkti Landsnets í Ísafjarðadjúpi

Kostir/gæði Hvalárvirkjunar

- Í nýtingaflokki rammaáætlunar, einn fárra vatnsaflskosta
- Virkjunin er skilgreind í aðalskipulagi
- Mati á umhverfisáhrifum er lokið, mótvægisáðgerðir með breyttri hönnun
- Frumhönnun liggur fyrir - hönnun sem fellur að náttúru og veldur lítilli röskun á yfirborði
- Virkjunin nýtir náttúrulegt vatnakerfi/stöðuvötn á Ófeigsfjarðarheiði
- Helstu mannvirki eru neðanjarðar
- Miðlunargeta milli árstíða
- Virkjunin getur mætt álagsbreytingum í raforkukerfinu t.d. breytilegri framleiðslu vindorkuvera
- Fjarri umbrotasvæðum, jarðskjálfta og eldgosa
- Nýtir vatnasvið **fjarri** Þjórsár-Tungnársvæði sem eykur afhendingaröryggi raforkukerfis landsins
- Tenging virkjunar inn á Vestfjarðalínu styrkir afhendingaröryggi á Vestfjörðum
- Opnar á atvinnusköpun, uppbyggingu og nýjar tekjur, í héraði með fábrotna atvinnustarfsemi
- Opnar fyrir möguleika á frekari hringtengingum á Vestfjörðum, m.a. með **innfjarðatengingu til Ísafjarðar**

Hvalárvirkjun hefur gæði sem ekki eru öll metin þegar tengigjald er ákvarðað.



Mynd 3: Hvalárvirkjun ásamt uppistöðulónum

Áskoranir

Óbyggðanefnd:

- Óbyggðanefnd setti fram kröfu 2020 um eignarrétt ríkisins á landi á Ófeigsfjarðarheiði. Krafan nær til beggja jarðanna Ófeigsfjarðar og Engjaness, sem nýtingarsamningar byggja á.
- Sérstök óbyggðanefnd var síðan í des. s.l. (2021) sett til að annast málsmeðferð og er hún að skoða og meta framhald kröfugerðar ríkisins. Fyrri nefndarmönnum var gert að víkja vegna vanhæfis.
- Ljóst er að ef niðurstaðan verður ríkinu í hag þá þarf að ná samkomulagi við ríkið um nýtingu vatnsréttinda.

Sérstök óbyggðanefnd

Málsmeðferð skv. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga

Forsætisráðherra setti 10. desember 2021 sérstaka óbyggðanefnd til að annast málsmeðferð skv. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga. Ákvæðið heimilar óbyggðanefnd að „taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra“.

Óbyggðanefnd tók 17 svæði til meðferðar á þeim grundvelli í júní 2020 og í janúar 2021 bárust kröfur íslenska ríkisins vegna þeirra. Í október 2021 ákvað nefndin að reglulegir nefndarmenn skyldu víkja sæti við málsmeðferðina vegna vanhæfis, því var í desember 2021 sett sérstök óbyggðanefnd til að annast málsmeðferðina.

Sérstök óbyggðanefnd hefur ákveðið að hverfa frá þeirri málsmeðferð sem óbyggðanefnd hafði áður stofnað til og hyggst skoða að nýju hvort taka beri landsvæðin til meðferðar en ljóst þykir að einungis komi til álita umrædd 17 svæði.

Til að stuðla að því að öllum sem kunna að hafa athugasemdir við mögulega töku svæðanna til meðferðar gefist kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri áður en framhaldið er ákveðið er nú vakin athygli á því að þetta sé til skoðunar. Athugasemdir óskast sendar **skrifstofu óbyggðanefndar** í síðasta lagi **18. febrúar 2022**. Tilkynning um athugasemdafrestinn birtist í Lögbirtingablaði 27. janúar.



Mynd 4: Þjóðlendlukrafa frá 2020 á Ófeigsfjarðarheiði

Áskoranir

Friðun fossa:


- **A:** Umhverfisráðuneytið/Náttúrufræðistofnun gerði árið 2020 kröfu um að Fossar í Rjúkandi, Hvalá og Eyvindarfjarðará fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár til verndar fossunum.
- **B:** Á hinn bóginn er VV með virkjunarkost sem rammaáætlun afgreiddi í nýtingarflokk og Alþingi staðfesti þar með að hentaði til nýtingar frekar en til verndunar.
- **Kröfugerðin:** Opinberar stofnanir reyna með því að leggja til friðun á vatnasviðinu að koma í veg fyrir nýtingaráform Hvalárvirkjunar, andstætt ákvörðun Alþingis
- **Áhrif óvissu:** Landsnet hefur krafist óafturkræfrar fyrirframgreiðslu á þeim hluta tengigjalds sem varðar undirbúning tengilagnar alls um 140 mkr.
 - Það er óásættanlegt fyrir VesturVerk að fjármagna fyrirframgreiðsluna til Landsnets vegna óvissu um endurgreiðslu ef friðun fossa eða önnur friðun á svæðinu kemur í veg fyrir verkefnið.
- Mikilvægt að fá ríkisvaldið að borðinu til að skýra friðunartillögur og leysa vanda sem þær hafa skapað m.a. gagnvart Landsneti.

1. tafla. Fossar sem lagt er til að fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár árið 2020.

Nafn	Mat
Tröllafoss	***
Glymur	***
Hengifoss og Litlanesfoss	***
Kvernufoss	***
Seljalandsfoss og Gljúfrabúi	***
Kolufossar	**
Fossar í Vatnsdalsá	**
Stuðlafoss á Jökuldal	**
Aldeyjarfoss, Ingvararfoss, og Hrafnabjargafoss í Skjálfandafljóti	**
Skeifarfoss á Tjörnesi	**
Fossar í Rjúkandi, Hvalá og Eyvindarfjarðará	
Fossabrekkur í Rangárbotnum	

Mynd 5: Tillaga fossa í framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrá

Hugsanleg tímalína





Samantekt & næstu skref

- **VesturVerk** er með virkjunarkost sem Alþingi staðfesti að henti til nýtingar, borið saman við aðra kosti sem metnir voru í rammaáætlun til verndunar eða nýtingar. Mikilvægt er að þeir virkjunarkostir sem hafa verið samþykktir í nýtingarflokk séu ekki eftir öðrum leiðum „skotsþónn“ friðunar.
- **VesturVerk** mun kappkosta að vinna með **Landsneti** að skipulagsmálum í samræmi við tilmæli Skipulagsstofnunar
- **VesturVerk** mun áfram rannsaka vatnasvið virkjana
- **VesturVerk** mun jafnframt greiða úr þeirri óvissu sem umsamin nýting réttinda fyrir Hvalárvirkjun hefur verið sett í.
 - Niðurstaða sérstakrar óbyggðarnefndar
 - Tillaga ráðuneytis/stofnana um friðun fossa
- **VesturVerk** telur aðkomu ríkisins nauðsynlega til að eyða óvissu um nýtingu vatnsréttinda svo hægt verði að halda ótrauð áfram undirbúningi.



Takk fyrir